

**Mál nr. 169/2014**  
**M**  
**og V v/ slysatryggingar ökumanns ökutækisins X.**

**Sönnun líkamstjóns á bifhjóli í febrúar 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 28. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 10. júní 2014.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið við annan mann í bifhjólaferð í hlíðum Hengils þann 17. febrúar 2013. Í málskotinu kemur fram lýsing á óhappi sem M kveðst hafa orðið fyrir þannig að hann ók á harðfenni ofan við læk, þaðan ofan í holu þar sem bifhjólið stöðvaðist og lenti ofan á honum. Í óundirritaðri yfirlýsingu samferðamanns M kemur fram svipuð lýsing og þeir bera báðir að M hafi kvartað undan einkennum í hálsi og baki eftir atvikið. Þann 4. mars 2013 leitaði þar sem hann kveður ástæðu komu sinnar á slysadeild mótorhjólaslys þremur vikum áður. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að í læknisheimsóknum sínum kvarti M aðallega yfir almennum einkennum hálstognunar, eyrnasuði og flensueinkennum.

M telur að með yfirlýsingu samferðamanns hans og læknisfræðilegum gögnum sé sannað að hann hafi hlotið líkamstjón þegar hann varð fyrir óhappi á bifhjólinu X þann 17. febrúar 2013. Ekki eigi að skipta máli þó hann hafi ekki leitað til læknis strax eftir óhappið en hann hafi haldið að einkennin myndu ganga strax tilbaka.

V telur ekki sannað að M hafi orðið fyrir óhappi sem rekja má til notkunar bifhjólsins X þar sem M hafi ekki tilkynnt um slíkt óhapp og ekki leitað læknis fyrr en nokkrum vikum síðar. Þar lýsi hann almennum einkennum þannig að þó sannað sé að atvikið hafi átt sér stað sé ekki sannað að orsakatengsl séu milli þess og einkenna M nú.

**Álit.**

Þegar óhöpp verða er mikilvægt að sá sem fyrir því verður tryggi sér sönnun um hvað gerðist og hvernig. Í þessu máli liggja ekki fyrir gögn um formlega tilkynningu um óhapp það sem M lýsir í málskoti. Ódagsett yfirlýsing samferðamanns hans, sem nú liggur fyrir og styður lýsingu hans af óhappinu, styrkir sönnun á því að óhappið átti sér stað en ágreiningur er þó um hvort sönnunargögn liggi fyrir sem sýna að orsakatengsl séu milli einkenna M nú og ætlaðs óhapps. Með vísan til þess að nokkur tími liður þar til M leitar læknishjálpar, þess að einkenni hans eru almenn og ófullnægjandi gagna um fyrra heilsufar verður ekki ráðið með vissu að orsakatengsl séu milli ætlaðs óhapps og einkenna M.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins A hjá V.

Reykjavík 5. ágúst 2014.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.